

## Stjórnarfundur ÍTF 20. mars 2026

Mættir fulltrúar: Heimir Fannar, Ólafur, Guðbjörg, Baldur, Davíð, Samúel og Heimir á Teams.  
Fjarrverandi:

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 11:30

### Fyrir var tekið:

#### 1. Aðalfundur ÍTF og ársþing KSÍ

- a. Aðalfundur ÍTF var haldinn á Geir Smart í Reykjavík föstudaginn 13. febrúar. Fundurinn gekk mjög vel, góð mæting aðildarfélaga og góðar umræður um starfsemi ÍTF. Heimir Fannar fór yfir ítarlega yfir skýrslu stjórnar, Jónas Gestur endurskoðandi ÍTF fór yfir ársreikning og Birgir framkvæmdastjóri yfir önnur mál og umræður. Eftir fund var boðið upp á léttar veitingar og var almenn ánægja með það að halda fundinn á föstudegi. Umræður hvort aðalfundurinn ætti að vera meiri vinnufundur fyrir félögin og hugsanlega á laugardegi.
- b. Ársþing KSÍ var haldið á Egilsstöðum þann 28. febrúar. Þingið gekk mjög vel, líflegar umræður á milli félaga utan þings og góð samtöl þess á milli. Umræður á þinginu hvort það ætti að vera haldið í Reykjavík og styrkja félögin utan af landi. Einnig umræða hvort það ætti að vera knattspyrnuþing í nóvember og ræða eingöngu málefni knattspyrnunnar.

#### 2. Verkefni nýrrar stjórnar

Farið var yfir helstu verkefni nýrrar stjórnar 2026/2027 og hvaða aðilar munu leiða hvaða verkefni.

- a. Samstarfssamningur við KSÍ
  - i. Mikilvægt að setja þessa vinnu af stað og koma á endurgerðum samstarfssamningi.
- b. Samtal við hagsmunahópa Bestu deildar 2027
- c. Mótamál utan keppnistímabils
  - i. Hvernig viljum við sjá vetrarmótin og undirbúningsleiki félaga á næsta tímabili. Birgi falið að skipa lítinn hóp til að vinna málið áfram.
- d. Mótahald
  - i. Hver er framtíðarsýn ÍTF og félaga varðandi mótahalda og niðurröðun og skipulag móta. Mikilvægt að vera leiðandi í þessari umræðu. Nýta öll tækifæri til að skapa félögunum tekjur og betri markaðsvörur.
- e. Greiðslur til aðildarfélaga ÍTF
  - i. Vinna að nýju greiðslukerfi, skapa meiri hvata fyrir félögin til að taka þátt í markaðsstarfinu, umbuna þau sem standa sig vel og veit meira aðgengi að sér og sínum leikmönnum. Birgir mun vinna málið áfram og kynna fyrir stjórn og félögum þegar lengra er komið.

- f. Mannvirki og markaðsmál
  - i. Aðstoða félögin við að setja pressu á sveitarfélögin. Mikilvægt að þrýsta á félögin og alla sem tengjast knattspyrnunni að bæta aðstöðuna, þetta er samstarfsverkefni okkar allra. Nýta leyfiskerfið til að betrubæta aðstöðuna.

### 3. Sjónvarpssamningur SÝN

- a. Birgir og Eiríkur Stefán í virku samtali. Birgir mun halda stjórn ÍTF vel upplýstri um stöðu mála.
- b. Birgir óskaði eftir aðilum á aðalfundi ÍTF til að taka þátt í verkefninu um sjónvarps- og framleiðslumál. Guðjón (Víkingur), Þórarinn Ingi (Stjarnan), Jón Hafsteinn (Prótti) frá aðildarfélögum ásamt starfsmönnum ÍTF skipa þennan starfshóp.

### 4. Besta deildin 2026

- a. Kynningarfundur Bestu deildar karla verður haldinn þann 8.apríl næstkomandi kl 12:30 hjá Deloitte í Kópavogi.
- b. Búið að endursemjja við Unbroken út 2026 og Stjörnugrís kemur inn sem nýr opinber „matar partner“
- c. Opnunarleikur deildarinnar verður 10.apríl þegar Víkingar fá Breiðablik í heimsókn.
- d. Kynningarfundur Bestu deildar kvenna verður haldinn þann 21. Apríl og verður einnig í höfuðstöðvum Deloitte kl 12:30.
- e. Markaðsefni fer í gang fyrir páska og verður í keyrslu yfir tímabilið eins og undanfarin ár.

### 5. Lengjudeildin 2026

- a. Kynningarfundur Lengjudeildar karla og kvenna verður haldinn þann 22.apríl.
- b. Samtal í gangi við Livey varðandi sýningarrétt að Lengjudeild karla og kvenna. Lengjan áfram aðalsamstarfsaðili deildarinnar og hefur samstarfið gengið mjög vel. Stefnt að því að auka sýnileika og umfjöllun deildarinnar. Einnig verður félögum gefinn kostur á því að selja birtingar inn í útsendingum á vegum Livey.

### 6. Önnur mál

- a. ÍTF endursamndi við Spiideo út 2028. Samningurinn er nokkuð víðtækur þar sem allar deildir eru með aðgang að League Exchange þar sem allar taktískar upptökur eru aðgengilegar fyrir félögin. Besta deild karla og Lengjudeild karla mun nýta „cloud link“ til að greina leiki beint. Í fyrsta sinn verður einnig gagnagreining á leikjum í Lengjudeild kvenna með AutoData.
- b. KSÍ vinnur að því að greiða út Solidarity greiðslur til aðildarféлага. Um er að ræða fyrri greiðsluna sem félögin fá, samþykkt að greiða niður 5% af þessum hluta niður til féлага í Lengjudeild karla 2025. Seinni greiðslan verður greidd út í júní/júlí samkvæmt UEFA. Samtal við KSÍ varðandi breytingu á þessum greiðslum til Lengjudeildarféлага.

- c. Félögin sem leika í Evrópukeppni UEFA í ár hafa gert samning við Solid Sports og Rec Media til 3 ára.

Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:40

